



Þekkingarvörður ehf.

24. ágúst 2007

Lokaskýrsla Styrkur úr Orkusjóði 2007 – Nr. 32-2007

Þann 12. júlí s.l. fékk undirritaður bréf frá Orkusjóði þess efnis að Þekkingarvörðum ehf. hafi verið veittur verkefnastyrkur að upphæð 3.0 milljónir króna. Styrkurinn hefur reynst gríðarlega mikilvægur fyrir félagið og hefur gert því kleyft að stofnsetja samstarfsneti RES á alþjóðlegum grundvelli. Fyrir þetta færir félagið Orkusjóði miklar þakkar.

Markmið verkefnisins eru að koma á samstarfi RES og ýmissa stofnana í Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Nú er svo komið að forráðamenn RES hafa lokið við skipulagningu á slíku samstarfsneti og ráðið sérfræðing til að annast verkefnið. Netið, sem nefnt er RES-Net, veitir RES aðgang að sérfræðingum og rannsóknaaðstöðu sem mun reynast skólanum mikilvægt. Fyrirsjáanlegt er að netið geti, með breiðri þátttöku, sótt um í sjóði ESB, s.s. Rammaáætlun eða Intelligent Energy - Europe (IEE).

Undirbúningsvinna fyrir RES hefur hlotið styrki frá ýmsum aðilum. Þar má helst geta: Impru Nýsköpunarmiðstöð, Vaxtasamning Eyjafjarðar og svo Háskólanum á Akureyri. Unnið hefur verið að umsóknum til Rannsóknasjóðs Háskólans á Akureyri og Þróunarsjóðs EFTA, með samstarfi við Háskóla í Mið- og Austur Evrópu.

RES-Net(ið) hefur verið í mótun samhliða uppbyggingu RES The School for Renewable Energy. Í lok árs 2006 var dr. Roman Babut, verkfræðingur og fyrrum yfirmaður alþjóðamála hjá Tækniháskólanum í Varsjá ráðinn til að formfesta netið og koma starfsemi þess í gott horf. Dr. Babut er jafnframt sérfræðingur í orkumálum og veitti lengi forstöðu sérstöku átaksverkefni Pólverja á sviði einangrunar húsa og opinberra bygginga.

RES-Net er byggt upp á samstarfsskólum RES The School for Renewable Energy. Forráðamenn RES hafa á undaförnu 20 mánuðum heimsótt fjölmargar stofnanir í Mið- og Austur Evrópu til að koma á faglegum tengslum. Að hluta til snýst samstarfið um komu útskrifaðra verkfræðinga til náms við RES og að hluta um alþjóðlegt rannsóknasamstarf. Fyrsta ferðin var farin í janúar 2006 og sú síðasta í júlí s.l.

Samstarfsskólar RES eru nú eftirfarandi og hafa allir samþykkt að vera í samstarfi við RES:

- Warsaw University of Technology, Poland;
- AGH University of Technology, Krakow, Poland;
- Rzeszow University of Technology, Poland;
- University of Warmia & Mazury, Olstyn, Poland;

- University of Rzeszow, Poland;
- Czech Technical University, Prague, Czech Republic;
- Technical University of Ostrava, Ostrava, Czech Republic;
- Slovak University of Technology, Bratislava, Slovakia;
- Comenius University, Bratislava, Slovakia;
- Technical University in Kosice, Slovakia;
- Budapest University of Technology & Economics, Hungary;
- Eötvös Lorand University, Budapest, Hungary;
- University of Ljubljana, Slovenia;
- Jozef Stefan Institute in Ljubljana, Slovenia.
- Universidade de Lisboa, Portugal;
- Universidade Tecnica de Lisboa (School of Engineering, IST), Portugal;
- Universidade Nova de Lisboa, Portugal;
- Universidade do Porto, Portugal;
- Universidade de Aveiro, Portugal;
- NTNU - Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet, Trondheim, Norge;
- Tallin Technical University, Estonia
- Riga Technical University, Latvia
- Vitautas Magnus University, Lithuania
- Lithuanian Energy Institute, Lithuania
- Kaunas University of Technology, Lithuania.


Viðræður við ofangreinda háskóla hafa í öllum tilvikum átt sér stað erlendis. Forráðamönnum RES hefur verið mætt með mikilli jákvæðni og opnum hug, enda sjá þessir skólar mikið tækifæri í að tengjast Íslendingum á sviði orkumála. Netinu er ætlað að þjóna aðildarskólum með ýmsum hætti, en fyrst og fremst er hugað að rannsóknasamstarfi og að netið verði n.k. sameiginleg rödd í Evrópu á sviði orkumála. Auk þess sjá skólarnir mikla möguleika á sameiginlegum umsóknum í Rammaáætlun ESB.

Á vordögum 2007 bættist svo International Institute of Energy Policy and Diplomacy of MGIMO University í Rússlandi í hóp þeirra háskóla sem starfa með RES. MGIMO og RES undirrituðu samkomulag um stofnun Iceland-Russian Institute of Renewable Energy. Samkomulag þetta er mikill fengur fyrir RES enda MGIMO eftirsóttasti háskóli rússa. Stofnunin mun þjóna skólunum sem samstarfsvettvangur á sviði endurmenntunar og rannsókna fyrir rússneskt og íslenskt atvinnulíf.

Öflugt alþjóðlegt samstarf er hinum nýja rannsóknaháskóla RES afar mikilvægt. Háskólar eru í eðli sínu alþjóðlegir og una ekki einangrun. Það samstarfsnet sem RES hefur mótað er eitthvert besta veganesti sem forráðamenn geta hugsað sér.

Um leið og ég þakka fyrir styrkinn, vil ég óska þess að hann verði lagður inn á reikning Þekkingarvörður ehf. 0162-26-5711, kt. 580501-2650.

Með vörðingu,
Guðjón Steindórsson.





Þekkingarvörður ehf.

Kostnaðaryfirlit vegna verkefnisins (þús kr.) þann 1.9.2007:

Dr. Roman Babut, stjórnun á RES Net	1.500
Ferð x3: Þórleifur Björnsson til Varsjá	465
1 ferð Þórleifur Björnsson til París	150
Ferð: Moskva(DS, BG og ÞSB)*	800
Vinna Þekkingarvörður (Guðjón Steindórsson)	520
Vinna Þekkingarvörður (Þórleifur Björnsson)	845
Vinna Þekkingarvörður (Björn Gunnarsson)	960

Samt. 5.240

Styrkur frá Orkusjóði	3.000
Framlag Þekkingarvörður	2.240

Samt. 5.240

Kostnaðaryfirlit vegna verkefnisins (þús kr.) þann 8.2.2007:

Dr. Roman Babut, vinna og ferðalög	631
Fundur með Forseta Íslands	52
Hönnun og Prentun Do Hönnun	1.077
Ferð Júlíusar Hafstein sendiherra til Varsjá	160
Ferð: Ungverjaland, Slóvakía og Slóvenía (DS, BG og ÞSB)†	881
Ferð: Portúgal (DS, BG)	447
Ferð: Noregur (ÞSB)	144
Ferð: Eistland, Lettland og Litháen (DS,ÞSB)	507
Ráðgjöf Capacent	4.500
Vinna Þekkingarvörður (Guðjón Steindórsson)	520
Vinna Þekkingarvörður (Þórleifur Björnsson)	845
Vinna Þekkingarvörður (Björn Gunnarsson)	960
Samningur við RHA um vinnu v. Erasmus Mundus umsóknar	924

Samt. 11.648

Styrkur frá Orkusjóði	3.000
Framlag Þekkingarvörður	8.648

Samt. 11.648

Samtals gjöld fyrir allt tímabilið	16.888
Samtals styrkur Orkusjóðs fyrir allt tímabilið	6.000
Samtals annað framlag	10.888

* Davíð Stefánsson, Björn Gunnarsson, Þórleifur Stefán Björnsson

† Davíð Stefánsson, Björn Gunnarsson, Þórleifur S. Björnsson